

Stjórnarfundar UMSK

Haldinn í Íþróttamiðstöðinni Laugardal föstudaginn 11. júní 2020

Mættir: Valdimar Leo, Guðmundur, Magnús, Þorsteinn, Valdimar G

Dagskrá:

1. Fundur settur – formaður setti fundinn
2. Fundargerð frá 2. apríl – samþykkt
3. Íþróttaveislan/verkefnastjórinn/party/styrkusókn/ - Verkefnastjórinn hefur verið á 25% hlutabótaleiðinni og verður í starfi út júní. Búið að ræða við alla sem sátu í undirbúningsnefndinni um að halda áfram. Búið að bjóða allri nefndinni í grillveislu þann 25. júní í Guðmundarlundi. Rætt um hvort UMSK eigi að sækja í framlag ríkisstjórnarinnar vegna skaða sem frestun Íþróttaveislunar hefur skapað. Samþykkt að sækja ekki um því stór hluti af vinnunni nýtist á næsta ári.
4. Kerran – kerran með leikjadóti er að verða tilbúin til láns til félaganna okkar. Ákveðið að félögin fái kerruna endurgjaldslaust. Mikilvægt að fylgjast með ástandi þegar henni er skilað. Sótt um á heimasíðu sambandsins. Skoða skilmála sem aðrir eru með sem leigja kerrur.
5. Heimasíðan – búið að fá aðila til þess að gera andlitslyftingu á síðunni. Rætt um að stjórn hittist og ræði í hvaða farveg við viljum láta kynningarmál sambandsins vera. Hittast einhvern laugardagsmorgun og skoða þessi mál Facebook, Twitter o.fl.
6. Starfsskýrslur félag – gengur hægt að fá félögin til að skila. Á þesari stundu hafa 26 félög skilað starfsskýrslu í Felix. Halda áfram að yta í félögin.
7. Eldriborgaraverkefnið í Kópavogi – Framkvæmdastjóri hefur komið að undirbúningi að verkefni um þjálfun eldriborgara í Kópavogi. Búið að ráða verkefnisstjóra sem hefur störf 1. Júlí og stefnt era þó því að verkefnið sjálf hefjist í september.
8. Bílskúr leigður – sambandið hefur tekið á leigu á kr. 45.000 pr. mánuð. Kerran og ýmis búnaður sem sambandið á verður geymt í skúrnum.
9. Tryggingar – Búið að óska eftir tryggingu á þeim búnaði sem sambandið á. Samþykkt að taka tryggingum frá Verði að upphæð kr. 50.000 á árum. Framkvæmdastjóra falið að fá nákæmari skýringu á hvað felst í tryggingunum.

10. Ánægjuvogin – Niðurstöður um ánægju iðkenda í íþróttastarfi félaganna var kynnt fyrir stuttu. Niðurstöðurnar er mjög jákvæðar fyrir íþróttastarfið okkar. Samþykkt að fá skýrslu á hvert bæjarfélag og vera með kynningar í haust í hverju bæjarfélagi.
11. Unglingalandsmót – rætt um þátttöku sambandsins í mótinu. Samþykkt að niðurgreiða ekki ekki heldur að sambandið geri eitthvað fyrir og með keppendum á mótinu.
12. Önnur mál – Umræða um innkomu félaga í UMSK sem ekki eru að stunda hefðbundnar íþróttir sem eru innan ÍSÍ. Þara er um að ræða félög með fjölda ungra iðkenda sem eru að taka þátt í keppnum vítt og breytt um heim.